

Föstudaginn 18. nóvember 1938.

Nr. 107/1937. Glæsibæjarhreppur

(Garðar Þorsteinsson)

gegn

bæjarsjóði Akureyrar

(Jón Ásbjörnsson).

### Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 23. sept. 1937, og að fengnu áfrýjunarleyfi 8. s. m., hefir krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og að fógeti verði skyldaður til að framkvæma hið umbeðna lögtak. Svo krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða úrskurði og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Rafmagnsstöð sú, er í máli þessu greinir, var reist og er rekin til þess að fullnægja almenningsþörf á rafmagni, en ekki í atvinnuskyni, og var því óheimilt að leggja á stefnda útsvar það, er í máli þessu getur, sbr. lög nr. 46/1926 6. gr. A. III. b og c, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Glæsibæjarhreppur, greiði stefnda, bæjarsjóði Akureyrar, 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

### Úrskurður fógataréttar Akureyrar 12. jan. 1937.

Með bréfi dags. 1. ágúst 1936 biður oddviti Glæsibæjarhrepps sýslumann Eyjafjarðarsýslu að innheimta helming af útsvari krónum 1250.00, eða kr. 625.00, sem hreppsnefnd Glæsibæjarhrepps lagði á Rafveitu Akureyrar, með lögtaki og á kostnað gjaldanda. Bæjarstjórn Akureyrar neitar að greiða útsvarið. Samkomulag var um, að gerðin skyldi byrja hér á skrifstofunni, og féll lögtaksþoli áður frá úrskurði og birtingu hans.

Gerðarbeiðandi heldur því fram til stuðnings lögtaksbeiðni sinni, að Akureyrarbær hafi, síðan rafmagnsstöðin kom í starfrækslu, borgað útsvar í Glæsibæjarhreppi og eitt árið, 1924, er Akureyrarbær neitaði greiðslunni, hafi fallið sýslumanns úrskurður um, að Akureyrarbær skyldi greiða útsvarið. Ekkert sést, hverskonar úrskurður þetta hafi verið, enda ekki lagt fram eftirrit af honum. Gerðarþoli segir aftur, að rafveitan sé opinbert fyrirtæki, rekið í þeim tilgangi að afla bæjarbúum á Akureyri raforku með framleiðsluverði, en hér sé ekki um atvinnurekstur að ræða.

Gerðarbeiðandi heldur því fram, að rafveitan standi í landi Glæsibæjarhrepps og að hún selji raforku þar í hreppi. Gerðarþoli segir aftur, að það sé mjög vafasamt, að Akureyrarbær græði á raforkusölunni í Glæsibæjarhreppi, þar sem hann vegna hennar hafi orðið að leggja í svo mikinn kostnað, enda sú ráðstöfun gerð fyrir þrábeiðni þeirra, sem njóti góðs af því að fá raforkuna. Þá hefir hann og haldið því fram, að þó að raforkustöðin standi í Glæsibæjarhreppi, þá sé hún aðallega rekin á Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar stofnaði rafveituna. Ríkissjóður veitti 1000000.00 kr. ríkissjóðsábyrgð fyrir láni rafveitunnar. Tilgangurinn með rafveitunni er samkvæmt reglugerð staðfestri af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu 4. jan. 1923 að veita raforku í bæinn og selja hana til heimilisnotkunar, iðnaðar og annarra þarfa.

Það verður ekki talið, að stjórn rafveitunnar raunverulega hafi farið út fyrir þetta mark, þó hún hafi hjálpað viðliggjandi þorpi, nokkrum húsum, um rafmagn.

Í flutningi málsins í réttinum er því haldið fram, að því er virðist ómótmælt, að tekjuafgangi þeim, sem orðið hefir

af rekstri rafveitunnar, hafi verið varið til reksturs rafveitunnar sjálfrar og eflingar henni, og þetta gildir þá um árið 1935, sem ekki er undantekið, en það er útsvarsárið, sem hér ræðir um.

Með hliðsjón af þessu, og með tilliti til tilgangs fyrir-tækisins, sem rekið er af bæjarsjóði, verður starfsemi þess eigi talin atvinnurekstur, og er því samkvæmt 6. gr. A. III. b laga nr. 46 frá 15. júní 1936 óheimilt að leggja útsvar á rafveituna, og verður því krafa gerðarbeiðanda um, að lög-takið megi ná fram að ganga, eigi tekin til greina.

Að því er málskostnaðarkröfuna snertir, getur hún eigi orðið tekin til greina fyrir fógetaréttinum.

Þvi úrskurðast:

Lögtakið á ekki að fara fram.

Mánudaginn 21. nóvember 1938.

Nr. 142/1937. **Valdstjórnin** (Theódór B. Lindal)  
 gegn

**Lofti Bjarnasyni**

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Togaranjósuir.

**Dómur hæstaréttar.**

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Samkvæmt þessum málalokum verður að dæma greiðslu á áfrýjunarkostnaði sakarinnar á hendur rikissjóði, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 100 krónur til hvors.

Þvi dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr rikissjóði, þar með talin málflutningslaun skip-